



ÁSAHREPPUR

# DEILISKIPULAG SKÁLASVÆÐIS Í NÝJADAL Á SPRENGISANDSLEIÐ

**GREINARGERÐ**  
SKIPULAGSSKILMÁLAR  
UMHVERFISSKÝRSLA

**Dags. 21. okt. 2019 - TIL KYNNINGAR**

Með greinargerð þessari fylgir skipulagsuppráttur dags. 17. okt. 2019



*Ferðafélag Íslands*



## Efnisyfirlit:

1 INNGANGUR.....	3
2 MARKMIÐ .....	3
3 SKIPULAGSSVÆÐIÐ:.....	4
3.1 Staðhættir.....	4
3.2 Jarðfræði og gróður .....	4
3.3 Mannvirki.....	5
3.4 Ferðamennska og umferð.....	7
4 AÐRAR SKIPULAGSÁÆTLANIR .....	8
4.1 Landsskipulagsstefna og lög um umhverfismat áætlana.....	8
4.2 Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022.....	9
4.3 Vatnajökulsþjóðgarður .....	10
4.4 Náttúruminjaskrá .....	11
4.5 Aðrar skipulagsáætlanir og samráðsaðilar.....	11
5 SKIPULAGSÁKVÆÐI .....	12
5.1 Lóðir og lóðarmörk.....	12
5.2 Byggingarreitir.....	12
5.3 Byggingarmagn.....	12
5.4 Vegir og bílastæði.....	13
5.5 Frárennsli og rotþrær .....	13
5.6 Neysluvatn og vatnsvernd .....	13
5.7 Rafmagn og tækjabúnaður .....	14
5.8 Tjaldsvæði og smáhýsi .....	14
5.9 Girðingar .....	14
5.10 Gróður .....	14
5.11 Gönguleiðir, reiðleiðir, merkingar og skilti með upplýsingum .....	15
5.12 Sorp .....	15
5.13 Fornminjar.....	15
5.14 Önnur ákvæði.....	15
6 UMHVERFISSKÝRSLA.....	16
6.1 Inngangur.....	16
6.2 Aðferðir .....	16
6.3 Áhrifa- og Umhverfisþættir .....	16
6.4 Viðmið.....	17
6.5 Mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar.....	17
6.4.1 Vatn.....	17
6.4.2 Samfélag – heilsa og öryggi ferðamanna.....	18
6.4.3 Samfélag – hagræn áhrif .....	18
6.4.4 Gróður og jarðvegur .....	19
6.4.5 Áhrif á minjar og verndarsvæði.....	20
6.4.6 Ásýnd og sjónræn áhrif .....	21
6.6 Samantekt, breytingar á stefnu og mótvægisáðgerðir .....	21
6.7 Niðurstaða.....	22
7 SAMÞYKKT OG GILDISTAKA.....	23
7.1 Auglýsing og afgreiðsla athugasemda skv. framvindu.....	23
7.2 SAMÞYKKT.....	23

## 1 INNGANGUR

Um er að ræða deiliskipulag skálasvæðis við Nýjadal við Sprengisandsleið. Deiliskipulagið er í samræmi Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022, þar sem svæðið er skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði. Ennfremur er lögð fram umhverfisskýrsla sem kynnt er samhliða deiliskipulagstillögunni. Deiliskipulagstillagan og umhverfisskýrslan hafa verið auglýstar og lagðar fram til kynningar á tímabilinu 11. sept. – 02. okt. 2019 og einnig hafa lögbundnir umsagnaraðilar fengið þær til umsagnar, sjá nánar kafla 4.5 um samráðsaðila.

Vinna við deiliskipulagsgerð svæðisins fór af stað á vegum Vatnajökulspjóðgarðs í samvinnu við Ferðafélag Íslands árið 2010 en var aldrei lokið í það skiptið. Síðan þá hefur verið sótt um stöðuleyfi fyrir hús hálendisgæslunnar innan svæðisins. Til stendur að endurnýja aðstöðu fyrir skálaverði, landverði og starfsfólk hálendisgæslunnar í sameiginlegu húsi fyrir allt starfsfólk í Nýjadal.



Mynd 1.1 – Skálarnir í Nýjadal

## 2 MARKMIÐ

Markmið deiliskipulagsins er að stuðla að bættri þjónustu við ferðamenn á hálendinu og bæta einnig aðstöðu starfsmanna. Mikilvægt er að öll mannvirki séu vönduð, að ný mannvirki falli vel að þeim sem fyrir eru og að nýframkvæmdir raski ekki landslagi né gróðri.

Fram til þessa hefur ekkert heildarskipulag legið fyrir um svæðið og lóðarmörk ekki verið skilgreind. Deiliskipulaginu er ætlað að bæta úr því en um leið að tryggja að eðlileg viðbót og endurnýjun geti átt sér stað á núverandi húsakosti og aðstöðu. Er það í takt við sífellt aukinn fjölda ferðamanna á hálendinu. <sup>1</sup> Deiliskipulagið skal ennfremur vera í samræmi við þá stefnumótun sem sett er fram í aðalskipulagi Ásahrepps og Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs sem bíður samþykktar Umhverfisstjórnar.

Skipulagið gerir ráð fyrir að öll mannvirki skuli tengjast almennri ferðaþjónustu og er þeim ætlað að veita ferðafólki öryggi og þjónustu sem eðlileg getur talist á svæði sem þessu. Ekki er heimilt að reisa byggingar innan svæðisins til einkanota heldur skulu þær þjóna breiðum hópi ferðamanna. Uppbygging skal vera í sem mestri sátt við umhverfið og taka mið af því að um mannvirki í óbyggðum er að ræða. Að svo miklu leyti sem það er hægt skulu framkvæmdir og mannvirki vera afturkræf. Við uppbyggingu á skálasvæðinu skal hafa að leiðarljósi náttúruvernd og sjálfbærni eins og það er sett fram í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs<sup>2</sup>. Í því felst m.a. að mannvirki og ræktun skulu falla vel að landslagi, jarðmyndunum og gróðurfari.

<sup>1</sup> Sjá tölur Hagstofunnar

<sup>2</sup> [https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/stjornunar-og\\_verndar\\_2013.pdf](https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/stjornunar-og_verndar_2013.pdf)

### 3 SKIPULAGSSVÆÐIÐ:

#### 3.1 Staðhættir

Deiliskipulagið nær til um 4,5ha svæðis er liggur við Sprengisandleið, F26. Skálasvæðið tilheyrir í dag Vatnajökulsþjóðgarði og er við mynni Nýjadals á melbarði sunnan Nýjadalsár (Fjórðungakvíslar). Sprengisandleið, F26, liggur um skálasvæðið, suðvestan við Tungnafellsjökul. Skálasvæðið er innan þjóðlendu. Ferðafélag Íslands hefur um árabíl rekið gistiskála og tjaldsvæði. Áður voru gistiskálarnir á hendi Ferðafélags Akureyrar.

Skálasvæðið er í um 800m h.y.s og þangað norður er fært öllum jeppum og hærri bílum yfir sumartímann að sunnan. Nýjadalsá er óbrúuð og getur reynst farartálmi á heitum sumardögum þegar mikið er í ánni. Flugbraut er um 1,5 km suður af skálasvæðinu, malarvöllur, 890x45m að stærð. Ferðalagar eru af ýmsum toga; göngufólk, hjólræiðafólk og ferðalagar á eigin bílum eða með áætlunarbílum. Einnig liggur fjölfarin reiðleið um svæðið og þar er áningarhólf. Bílastæði er afmarkað og þar rúmast upp. 20 bílar og 2-3 rútur.

Auk þess að vera skálasvæði í “alfaraleið” við Sprengisandreið hefur skálasvæðið stóru hlutverki að gegna í Vatnajökulsþjóðgarði. Frá skálanum er stuttur gangur inn í Nýjadal og yfir Mjóhális yfir í Vonarskarð. Hægt er að ganga upp á Tungnafellsjökul frá skálanum, upp á Þvermót og Háhyrnu. Einnig er þar góð tenging við ökuleiðir að Vonarskarði, um Gæsavatnaleið í Öskju og um Bárðargötu í Jökulheima.

#### 3.2 Jarðfræði og gróður

Svæðið tilheyrir Tungnafellsjökulssvæðinu, sem er megineldstöð með marglitum líparítmyndunum. Í kring er landið jökulsorfið fjalllendi og landslagið einkennist af gróðurauðn, móbergshryggjum og vikursöndum.

Gróðurfar einkennist af staðsetningu svæðisins inná miðju hálendi. Eftir endalausar sandauðnir á Sprengisandreið eru Nýjadalur og Tómasarhagi allnokkuð gróðursælier, en á skálasvæðinu sjálfu er gróðurþekjan rýrari. Næst skálanum er land grasi gróið og á melnum fyrir neðan er fjölbreyttari mosa- og lággróður. Inná milli vaxa víðiteinungar; gulvíðir og loðvíðir en ná þó ekki mikilli hæð, en grasvíðir er nokkuð áberandi.




Mynd 3.1 og 3.2 – Gróðurþekja innan deiliskipulagssvæðis

#

### 3.3 Mannvirki

Á svæðinu eru tveir gistiskálar (yngri og eldri), eitt skálavarðarhús, eitt salernishús og ein geymsla. Auk þess er þar í dag skálavarðarhús sem er á stöðuleyfi og notað er fyrir hálandisgæsluna. Innan skipulagssvæðisins er einnig tjaldsvæði, upplýsingaskilti, áningarhólf fyrir hesta, vatnstankur, vatnslagnir og ruslagámur. Núverandi uppbygging skálasvæðis í Nýjadal hófst 1967 en þá var eldri skálinn reistur og voru skálarnir lengst af í umsjón Ferðafélags Akureyrar. Nú eru þeir í eigu Ferðafélags Íslands (FÍ)

Í skálunum tveimur er svefnpláss fyrir allt að 79 manns. Þeir eru á tveimur hæðum; niðri er anddyri, eldhús og svefnsalur með kojum. Á efri hæð er svefnloft. Skálarnir eru olíukyntir. Með tilkomu landvarðar á vegum Vatnajökulspjóðgarðs er brýnt að bæta aðstöðu starfsmanna á svæðinu (skála- og landvarða)<sup>3</sup> og með tilkomu hálandisgæslu (lögreglu og björgunarsveita) er með deiliskipulaginu er í raun verið að bæta aðstöðu fyrir allt starfsfólk í Nýjadal.



Mynd 3.3 – Yfirlitsloftmynd er sýnir skálasvæðið við Nýjadal

Núverandi byggingar á svæðinu eru eftirfarandi:

<sup>3</sup> Sjá Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022

- Eldri gistiskáli, byggður 1967, - 69m<sup>2</sup>
- Yngri gistiskáli, byggður 1975, - 89m<sup>2</sup>
- Skálavarðarhús, byggt 2007 - 20m<sup>2</sup>
- Salernishús, byggt 2002, - 45m<sup>2</sup>
- Geymsla, byggð 1975, - 20m<sup>2</sup>
- Hús fyrir hálandisgæslu á stöðuleyfi, - 20m<sup>2</sup>

Öll húsin eru timburhús, dökkbrún að lit með rauðu þaki (utan skálavarðarhús sem er með grænu þaki). Hús standa í þyrpingu kringum bílastæði og yfir þeim er ákveðinn heildarsvipur.



Mynd 3.4 – Eldri gistiskáli frá 1967



Mynd 3.5 – Yngri gistiskáli frá 1975



Mynd 3.6 – Skálavarðarhús frá 2007



Mynd 3.7 – Salernishús frá 2002




Mynd 3.8 – Geymsla frá 1975



Mynd 3.9 – Yfirlitsmynd, yngri skáli nær

### 3.4 Ferðamennska og umferð

Skálarnir í Nýjadal eru áningarstaður fyrir alla þá sem ferðast um Sprengisandsleið, bæði daggesti og þá sem gista. Fjöldi ferðamanna á ári hverju er háður opnun vegarins, en vegurinn opnast oft ekki fyrr en í júlí og lokast yfirleitt í fyrstu snjóum á haustin.<sup>4</sup> Meðaltalsumferð á sumrin er því mismunandi milli ára og sama er að segja um fjölda gistinátta. Meðfylgjandi tölur eru fengnar frá Hagstofunni og sýna fjölda gistinátta 2010-2018, en reyndar vantar tölur fyrir árið 2013.



Tafla 1.

Árin 2010 og 2012 opnaði vegurinn í júní og lokaði í september en flest hin árin var hann einungis opin frá júlí til ágúst og kemur það mjög greinilega fram í fjölda gistinátta. Tölurnar frá 2016 eru fyrir júní og júlí, en engar tölur eru frá ágúst á því ári. Tölurnar gefa til kynna að gistináttum fækki, en varhugavert er að draga of miklar ályktanir út frá þessum tölum.



Mynd 3.10 – Horft til norðurs

Upplýsingar um fjölda daggesta eru ekki síður áhugaverðar því þó nokkur umferð er um Sprengisandsleið og flestir sem fara þá leið stoppa í Nýjadal. Umferðartalningar fyrir Sprengisandsleið eru til fyrir árin 2006-2012 og fyrir árið 2017. Meðaltalsumferð yfir sumarmánuðina júní til september, SDU er mjög áþekkt öll þessi ár, eða á bilinu SDU= 30-36. Það er fjöldi bíla sem er talinn og má því hæglega gera ráð fyrir að fjöldi gesta sé nokkuð meiri.

<sup>4</sup> Sprengisandsleið (26), Mat á umhverfisáhrifum, Drög að tillögu að matsáætlun, Vegagerðin október 2014

## 4 AÐRAR SKIPULAGSÁÆTLANIR

### 4.1 Landsskipulagsstefna og lög um umhverfismat áætlana

Nýidalur er skilgreindur sem skálasvæði í landsskipulagsstefnu 2015-2026 og er innan miðhálandis, eins og það er skilgreint stefnunni.

Almennt segir í landsskipulagsstefnu 2015-2026 um skálasvæði:

- Eru í góðu vegasambandi.
- Gisting er í gistiskálum, sbr. lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð nr. 585/2007, auk tjaldsvæða.
- Gert er ráð fyrir ferðapjónustu yfir sumarið og jafnframt möguleika á einhverri starfrækslu yfir vetrartímam.
- Þjónustustarfsemi felst fyrst og fremst í rekstri gistiskála og tjaldsvæða auk fræðslu og eftirlits.

Einnig kemur fram að uppbygging ferðamannasvæði taki mið af þoli landsins og skerði ekki upplifun ferðamanna á óbyggðum Íslands.

Deiliskipulagsáætlunin fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana þar sem þjónustumiðstöðvar fyrir ferðamenn á hálandi eru tilkynningarskyldar skv. lið 12.05 í 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.



Mynd 4.1 – Horft frá tjaldsvæði og að skálum.



## 4.2 Aðalskipulag Ásahrepps 2010-2022


Skálasvæðið við Nýjadal er á Holtamannafrétti og er sérstök umfjöllun um afréttinn í aðalskipulaginu. Ásahreppur og Rangárþing ytra fara sameiginlega með stjórnýslu á Holtamannafrétti skv. sérstökum samningi frá 14. febrúar 2003. Starfandi er samráðsnefnd um Holtamannafrétt, sem m.a. hefur það hlutverk að fjalla um skipulags- og byggingamál fyrir afréttinn.

Í kafla 5.1.2 í aðalskipulagi flokkast svæðið sem verslunar- og þjónustusvæði og enn frekar sem skálasvæði. Markmið verslunar- og þjónustusvæða er að efla núverandi þjónustu, stuðla að uppbyggingu í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð og að unnið verði deiliskipulag af öllum þjónustusvæðum á afréttinum.

Um Nýjadal stendur í gildandi aðalskipulagi :

*Á staðnum eru sæluhús Fí. Alhliða áningarstaður ferðamanna, flugbraut er í nágrenninu. Gert er ráð fyrir frekari uppbyggingu í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð, s.s. aðstöðu fyrir landvörð og til kynningar á þjóðgarðinum.*<sup>5</sup>

Á aðalskipulagsupprætti sést hvar skálasvæðið er innan Vatnajökulsþjóðgarðs.




Mynd 4.2 – Hluti úr Aðalskipulagi Ásahrepps 2010-2022, Holtamannafréttur.

#

<sup>5</sup> Sjá [www.skipulagsaetlanir.skipulag.is](http://www.skipulagsaetlanir.skipulag.is)

### 4.3 Vatnajökulsþjóðgarður

Nýidalur er innan Vatnajökulsþjóðgarðs og um hann gildir friðlýsing skv. lögum nr. 60/2007 og var þjóðgarðurinn stofnaður formlega 7. júní 2008, með reglugerð nr. 608/2008. Þjóðgarðinum er skipt í fjögur rekstrarsvæði sem fylgja höfuðáttunum og er Nýidalur hluti af vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Skv. lögum um Vatnajökulsþjóðgarð eru sveitarstjórnir bundnar af efni Stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs. Umsógn stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs skal liggja fyrir áður en skipulagstillaga, sem varðar land innan þjóðgarðsins, er auglýst.



Mynd 4.3 – Mörk Vatnajökulsþjóðgarðs, fengið af heimasíðu þjóðgarðsins.

Í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, útg. 12. júlí 2013, í kafla 9.4.5 þjónustusvæði innan vestursvæðis, er fjallað um Nýjadal á Sprengisandsleið. Þar segir:<sup>6</sup>

*Forsendur.* Í Nýjadal rekur Ferðafélag Íslands gistiskála og tjaldsvæði. Þar er aðsetur landvarðar yfir sumartímann. Frá Nýjadal er góð tenging við gönguleiðir um Vonarskarð og ökuleiðir að Vonarskarði, um Gæsavatnaleið í Öskju og um Bárðargötu í Jökulheima.

*Markmið.* Á svæðinu verði landvörslustöð þar sem miðlað er upplýsingum um náttúruvarnarsvæðisins með sérstakri áherslu á jarðfræði og sögu. Upplýsingar verði settar fram í texta og myndum, á spjöldum, bæklingum og upplýsingaskiltum.

*Skilmálar.* Deiliskipulag geri ráð fyrir eðlilegri þróun þjónustu í samstarfi við einkaaðila af sama tagi og verið hefur. Umfang taki mið af vaxandi gestafjölda.



Mynd 4.4 – Tjaldsvæði, vaskur og vatn



Mynd 4.5 – Horft til vesturs frá árfarvegi að skálum

#### 4.4 Náttúruminjaskrá

Innan þjóðgarðsins er svæði sem flokkast undir aðrar náttúruminjar í Náttúruminjaskrá. 516/702 Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur), S-Þingeyjarsýslu, Rangárvallasýslu. (1) Jökullinn ásamt undirhlíðum, Tómasarhaga, Nýjadal og jarðhitasvæði í Vonarskarði (2) Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurvinjum. Skálasvæðið er á jaðri þessa svæðis sem er á náttúruminjaskrá. Skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd hefur Umhverfisstofnun eftirlitsskyldu allra náttúruminja og því ber að tilkynna framkvæmdir á þessum svæðum til Umhverfisstofnunar/leita samráðs.

#### 4.5 Aðrar skipulagsáætlanir og samráðsaðilar

Eftirtaldir aðilar munu fá skipulagsáætlunina til umsagnar á kynningar- og auglýsingatíma:

- Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Ásahreppur og Samráðsnefnd um Holtamannaafrétt
- Vegagerðin
- Landgræðslan
- Forsætisráðuneytið
- Skipulagsstofnun

Deiliskipulagið er sent forsætisráðuneyti til umsagnar sem fulltrúa landeiganda en Nýidalur er innan þjóðlendna, sbr. úrskurð óbyggðanefndar og 2. gr. laga nr. 58/1998 um þjóðlendur. Aðrar áætlanir sem geta haft óbein áhrif á skipulagssvæðið eru Samgönguáætlun 2019-2033 og Kerfisáætlun Landsnets, en ekki liggur fyrir hvort Sprengisandsleið verði valin til styrkingar á meginflutningsneti Landsnets.<sup>7</sup>

<sup>6</sup> Sjá [http://www.vatnajokulsthjodgardur.is/media/pdf/vj\\_stjorn\\_og\\_vernd\\_20100908\\_vefur.pdf](http://www.vatnajokulsthjodgardur.is/media/pdf/vj_stjorn_og_vernd_20100908_vefur.pdf)

<sup>7</sup>Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027, Langtímaáætlun um þróun meginflutningskerfis raforku. Landsnet-18023

## 5 SKIPULAGSÁKVÆÐI

### 5.1 Lóðir og lóðarmörk

Núverandi fasteignir eru skráðar á lóðarnúmer L165352 án þess að stærð sé tiltekin eða lóð afmörkuð. Í deiliskipulaginu eru afmarkaðar 2 lóðir innan deiliskipulagsreitsins. Annars vegar um núverandi skála og salernishús og hins vegar um starfsmannahús, (skálavarðarhús). Lóðir eru innan þjóðlendna og eru því á forræði 2ja aðila; forsætisráðuneytis og skipulagsyfirvalda í Ásahreppi. Tjaldsvæði er án lóðarmarka en er innan deiliskipulagsreits.

Lóðarmörk eru ákveðin í hnitakerfinu ISN-93 og eru þau sýnd á uppdrætti. Lóð má ekki skipta eða breyta nema með samþykki forsætisráðuneytis og leyfi skipulagsyfirvalda. Á grundvelli deiliskipulags skal að gildistöku lokinni (B-deild) ganga frá lóðarsamningum milli aðila.

Lóðum skal úthlutað til aðila sem stunda ferðapjónustu, eftirlit eða öryggisgæslu og til gangnamanna en ekki til einkanota.

### 5.2 Byggingarreitir

Öll hús skulu standa innan byggingarreita sem sýndir eru í deiliskipulagi. Heimilt er að reisa útikamra utan byggingarreits, sem og skjólveggi og skýli á tjaldsvæði.

### 5.3 Byggingarmagn

Heildarbyggingarmagn deiliskipulagssvæðisins er í dag um 194m<sup>2</sup> að grunnfleti en getur orðið allt að 600m<sup>2</sup> skv. þessu deiliskipulagi. Í dag taka gistiskálar um 80 manns og er ekki áætlað að fjölga þeim, en hugsanlega bæta gistaðstöðu.

#### **Reitur S-1: Reitur fyrir skálabyggingar og geymslu.**

Nýi skálinn er 89m<sup>2</sup>, gamli skálinn er 69m<sup>2</sup> og geymslan 20m<sup>2</sup>, samtals 178m<sup>2</sup>.

Skálar mega vera á tveimur hæðum. Heimilt er að koma upp aðstöðu fyrir daggesti innan reitsins, hvort sem er í viðbyggingu við skála eða í sérstöku húsi. Heimilt er að stækka eða færa til geymslu, en þörf er á að koma ýmsum búnaði í skjól á veturna. Heildarbyggingarmagn innan reits S-1 er 400 m<sup>2</sup>.

#### **Reitur S-2: Reitur fyrir skálavarðarhús.**

Núverandi skálavarðarhús eru 2x20m<sup>2</sup> verða fjarlægð eða færð inn fyrir byggingareit (skáli hálandisgæslu.

Innan reits er heimilt að reisa 1-3 hús á einni hæð sem starfsmannahús. Heildarbyggingarmagn starfsmannahúsa innan reits S-2 er 120 m<sup>2</sup>.

#### **Reitur WC-1: Reitur fyrir salernishús**

Núv. salernishús er 45m<sup>2</sup>.

Innan reits WC-1 er heimilt að stækka núv. salernishús eða byggja annað á einni hæð. Jafnframt er heimilt að hafa vetrarsalerni innan reitsins. Heildarbyggingarmagn er 80 m<sup>2</sup>.

#### **Almennt um byggingar:**

Hús skulu vera vönduð að gerð og byggð úr viðurkenndum byggingarefnum með steypum sökkuldregurum sem hægt er að fjarlægja án teljandi ummerkja. Byggingarreitir eru það rúmir að hægt er að hnika húsum til eftir því sem aðstæður leyfa. Þakhalli er gefinn frjáls en ný hús og viðbyggingar skulu fylgja ráðandi mænisstefnu eða vera þvert á hana. Leitast skal við að

samræma útlit allra skála, salernishúsa og skjólgirðinga þannig að þau myndi eina heild. Samræma skal lit á öllum húsum og skal hann vera af toga dökkra jarðlita eins og svartur/grár, brúnn, grænn eða millitónar þessa lita og falla vel í landslagið. Hrein viðaráferð/litur er einnig leyfileg. Litur á þaki má vera skær. Áður en skálar eru teknir í notkun skal byggingarfulltrúi, heilbrigðis- og brunavarnarfulltrúi yfirfara og votta að allur aðbúnaður sé í lagi og skal með reglulegum hætti gæta þess að öllum lögbundnum ákvæðum sé fylgt varðandi öryggismál.

#### 5.4 Vegir og bílastæði

Skálarnir standa við Sprengisandsleið F26, sem er stofnvegur á hálendi. Bílastæði er á mel milli skála og skálavarðarhúss og er afmarkað af staurum og snúrum. Ekki stendur til að stækka bílastæði að svo stöddu en það skal þó ávallt vera í samræmi við fjölda gesta og þannig minnka líkur á utanvegaakstri.



Mynd 5.1 – Bílastæði



Mynd 5.2 – Aðkomuvegur inná bílastæði

#### 5.5 Frárennsli og rotþrær

Núverandi rotþró er um 10m norður af salernishúsi og er hún þriggja hólfa, um 9.500 lítrar að stærð. Frá rotþró liggja siturlagnir. Ekki er talin þörf á að stækka þá rotþró í bráð en gæta skal að því að þróin sé ávallt í réttu hlutfalli við fjölda salerna og notkun.

#### 5.6 Neysluvatn og vatnsvernd

Kalt vatn er fengið úr lokaðri vatnslind sem er um 200m sunnan við skálasvæðið, rétt vestan við Fjórðungskvísl. Um vatnslindina er sett vatnsvernd og fer hún eftir ákvæðum reglugerðar nr. 796/1999 „Um varnir gegn mengun vatns“ m.s.br., sbr. reglugerð nr. 533/2001. Í reglugerðinni segir að umhverfis hvert vatnsból skuli ákvarða verndarsvæði sem skiptist í brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Í deiliskipulagsupprætti er tilgreint vatnsból auk þess sem umlykjandi vatnsverndarsvæði eru sýnd.



Mynd 5.3 – Kaldavatnstankur, sjálfrennsli að húsum



Mynd 5.4 – Lokuð dæla vatnslindar við Fjórðungskvísl, dælt upp í kaldavatnstank.

Innan grannsvæðis er öll notkun á hættulegum efnum og birgðageymsla slíkra efna bönnuð. Hér er m.a. átt við olíu, bensín og skyld efni, salt, eiturefni til útrýmingar á skordýrum eða gróðri og önnur efni sem mengað geta grunnvatn, auk efna sem sérstaklega eru tilgreind í reglugerð um neysluvatn. Ekki má leyfa nýjar byggingar eða nein mannvirki á svæðinu. Samkvæmt ákvæðum reglugerðar skal viðhaft eftirlit með verndarsvæðum fyrir neysluvatn. Vatnsbólið er í öruggri fjarlægð frá mannvirkjum og hvers konar starfsemi sem ætla má að spillt geti neysluvatninu.

Um eftirlit með gæðum vatns og verndarsvæðum þeirra fer skv. „Reglugerð um neysluvatn“ nr. 536/2001. Í lögum nr. 7/1998 „Um hollustuhætti og mengunarvarni“, m.s.br. er gert ráð fyrir að stofnanir, fyrirtæki og önnur starfsemi sem talin er upp í fylgiskjali III með lögum skuli hafa gilt starfsleyfi gefið út af heilbrigðiseftirliti.

### 5.7 Rafmagn og tækjabúnaður

Heimilt er að framleiða rafmagn á staðnum með ljósavél, sólarrafhlöðum eða öðrum slíkum búnaði sem ætlað er til notkunar á staðnum. Á skála er heimilt að setja þokulúður eða skæran ljósabúnað sem gefur frá sér hátt hljóð eða sterkan ljósgeisla þegar dimm þoka umlykur svæðið eða á neyðarstundu þegar leitað er að fólki. Heimilt er að koma fyrir fjarskiptabúnaði og skal gengið frá slíkum búnaði samkvæmt gildandi reglum Póst- og fjarskiptastofnunar, Heilbrigðiseftirlits og Brunamálastofnunar.



Mynd 5.5 – Vatnslind og dæla



Mynd 5.6 – Vatnslind við Fjórðungskvísl

### 5.8 Tjaldsvæði og smáhýsi

Núverandi tjaldsvæði er um 3.800m<sup>2</sup> að stærð norðvestan við skálana. Svæðið er nokkuð gróið. Á tjaldsvæði er vaskur með rennandi vatni. Heimilt er að reisa allt að 25m<sup>2</sup> smáhýsi á tjaldsvæðinu þar sem hægt er að matast í en ekki gista, skýli af svipuðum toga og FÍ hefur komið fyrir í Hrafninnuskeri. Í smáhýsinu skal komið fyrir vaski með köldu vatni ásamt einfaldri eldunaraðstöðu og grillaðstöðu vel utan við hýsið.

### 5.9 Girðingar

Ekki er gert ráð fyrir að lóðir verði girtar af. Leyfilegt er að setja upp lága bandagirðingu til afmörkunar á göngustígum, bílastæði og girðingu kringum áningarhólf fyrir hesta og kringum vatnsból. Skjólveggi má reisa innan byggingarreits í tengslum við skála og skulu þeir sýndir með byggingarnefndarteikningum. Skjólveggi má einnig reisa í tengslum við tjaldsvæði sbr. kafla 5.8 og í tengslum við sorpgáma, sbr. kafla 5.12.

### 5.10 Gróður

Svæðið við skálana og allt í kring er töluvert gróið og er aðallega um að ræða grös og mosa, auk blómplantna, en lítið er um runnagróður s.s. víði eða loðvíði. Gróðurþekjan er viðkvæm.

Gróðursetning trjáa, runna og annarra framandi plantna er óheimil, en nota má staðbundnar tegundir til uppgræðslu og lagfæringa eftir jarðrask.

### 5.11 Gönguleiðir, reiðleiðir, merkingar og skilti með upplýsingum

Heimilt er að merkja göngu- og reiðleiðir og setja upp upplýsingaskilti innan deiliskipulagsreits. Leitast skal við að samræma útlit og gerð skilta og gæta þess að þeim sé vel við haldið og að gefnar séu sem nákvæmastar upplýsingar um svæðið og nágrenni þess. Eins þarf að huga að öryggisatriðum og að upplýsingum sé komið til fólks og það varað við ef einhver hættu er á ferðum eða óveður í aðsigi.

Samkvæmt aðalskipulagi fer núverandi reiðleið um Nýjadal meðfram fjallvegi 26. Nýidalur er mikilvægur áningarstaður hestamanna og á staðnum er stórt og gott áningarhólf þar sem lítil hættu er á landspjöllum. Allt fóður fyrir hesta er ætíð flutt á staðinn fyrir hvert og eitt skipti. Samkvæmt aðalskipulagi eru reiðleiðir eingöngu sýndar á svæðum sem eru taldar þola umferð hesta og eru þær einungis sýndir til leiðbeiningar á skipulagsupprætti þar sem ekki er um eiginlega mannvirkjagerð að ræða. Umferð hestamanna skal ætíð valda sem minnstum spjöllum á gróðurlendi, sögu- og náttúruminum.

### 5.12 Sorp

Sorpgámur er staðsettur neðan við barð norðan við skála. Heimilt er að reisa skjólgirðingu utan um gáminn og draga þannig úr sjónrænum og neikvæðum áhrifum hans. Með vaxand flokkun á sorpi er einnig áhugarverð lausn að vera með fleiri en minni söfnunargáma og koma þeim fyrir með smekklefum hætti í námunda við svæðið án þess að athygli veki. Skálaverðir sjá um að koma sorpi til byggða og förgunar og yfir vetrartímann er ekkert sorp eftir á svæðinu.



Mynd 5.7 – Sorpgámur neðan svæðis



Mynd 5.8 – Hvatning til ferðamanna

### 5.13 Fornminjar

Minjavörður á Suðurlandi hefur skoðað minjasögu svæðisins og farið í vettvangsferð á staðinn til þess að ganga úr skugga um hugsanlegar minjar innan deiliskipulagssvæðisins. Engar þekktar minjar er að finna innan skipulagsreitsins en þó skal engu að síður minnt á 24.gr.laga um menningarminjar nr. 80/2012, en þar segir:

*Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá er fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

### 5.14 Önnur ákvæði

Allar framkvæmdir skulu vera í samráði við skipulags- og byggingarfulltrúa í Ásahreppi. Byggingar og staðarval þeirra skulu vera í samræmi við gildandi deiliskipulag sem og skipulags- og byggingarreglugerð.

## 6 UMHVERFISSKÝRSLA

### 6.1 Inngangur

Umfjöllun um skipulagsáætlunina, forsendur, grunnástand umhverfis og tengsl við aðrar áætlanir má sjá í köflum hér að framan. Upplýsingar um grunnástand svæðisins eru fengnar með vettvangsskoðun, með loftmyndakorti, úr aðalskipulagi Ásahrepps, kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands, verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, vettvangsferðum og ljósmyndum, viðtölum við skálaverði og rekstraraðila svæðisins um aðbúnað og umferð um svæðið. Ekki er talin þörf á að rannsaka svæðið nánar vegna þeirrar uppbyggingar sem skipulagsáætlunin gerir ráð fyrir.

### 6.2 Aðferðir

Matið er unnið í samræmi við lög um umhverfismat áætlana 105/2006 og eru leiðbeiningar Skipulagsstofnunar einnig hafðar til hliðsjónar. Staðsetning sjálfs svæðisins var ekki tekin með í matið sem slík þar sem áætlunin er á deiliskipulagsstigi og staðurinn ákvarðaður á landsskipulags- og aðalskipulagsstigi og um þegar byggt svæði er að ræða. Þar sem um mjög takmarkaða uppbyggingu til viðbótar við það sem fyrir er, er að ræða og aðallega verið að festa í sessi núverandi mannvirki, voru ekki bornir saman aðrir kostir, annar en núllkostur sem m.ö.o. þýddi að ekkert yrði aðhafst.

Þeir umhverfisþættir sem valdir voru tóku mið af því að um er að ræða óbyggð víðerni á hálendinu, þar sem lítið er um mannvirki og gróðurþekja lítil og viðkvæm.

### 6.3 Áhrifa- og Umhverfisþættir

Deiliskipulagsáætlunin gerir ekki ráð fyrir miklum breytingum frá núverandi ástandi, fyrir utan aukna byggingarheimild. Þau stefnumið eða áhrifaþættir í skipulagsáætluninni, sem taldir voru geta haft áhrif á umhverfið eru stækkun núverandi bygginga og frárennismál. Þeir umhverfisþættir sem áætlunin er líklegt til þess að hafa áhrif á eru eftirfarandi:

- Vatn – neysluvatn og vatnsvernd
- Samfélag - Heilsa og öryggi.
- Samfélag - Hagrænir og félagslegir þættir.
- Gróður og jarðvegur
- Fornleifar
- Sjónræn áhrif

Lagt var mat á það hvort áhrifin af stefnumiðum á hvern umhverfisþátt eru neikvæð, óveruleg eða jákvæð. Í þeim tilfellum þar sem niðurstaða er að umhverfisáhrif séu neikvæð er einnig lagt mat á það hvort framkvæmd sé afturkræf eða varanleg.

Vægi áhrifa:	Tákn:	Skýring:
Jákvæð	+	jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	neikvæð áhrif á umhverfisþátt
Áhrif óljós	?	óljós áhrif á umhverfisþátt

Tafla 2 – huglægt mat á áhrifum skipulags á einstaka umhverfisþætti. Í þeim tilfellum þar sem niðurstaða er sú að umhverfisáhrif eru neikvæð, er einnig lagt mat á það hvort framkvæmdin sé afturkræf eða varanleg.



## 6.4 Viðmið

Umhverfisviðmið er mælikvarði sem notaður er við að meta umhverfisáhrif skipulagsáætlunar á tiltekna umhverfisþætti og hvort umhverfisáhrifin eru talin jákvæð eða neikvæð, veruleg eða óveruleg. Viðmiðin geta verið lög og reglugerðir, stefnumótun stjórnvalda, alþjóðasamþykktir ofl. Í meðfylgjandi töflu má sjá hvaða viðmið voru lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum.

Umhverfisþættir	Umhverfisviðmið
Vatn - grunnvatn	<ul style="list-style-type: none"> <li>– 1.gr.reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn</li> <li>– 1.gr. reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns</li> <li>– Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp</li> <li>– Veðurstofa Íslands, upplýsingar um veður – ofviðri</li> </ul>
Samfélag – heilsa og öryggi ferðamanna	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Markmið Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir svæðið, sett fram í Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, útg. 12.júlí 2013</li> <li>– Markmið hálandisgæslunnar</li> </ul>
Samfélag – hagræn áhrif	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Velferð til framtíðar (5. kafli, Útivist í sátt við náttúruna, liðir 5.1 – 5.3, útg. Umhverfiráðuneytið, mars 2007)</li> <li>– Vegvísir í ferðaþjónustu 2015, kafli um dreifingu ferðamanna</li> <li>– Aðalskipulag Ásahrepps, stefna um landnotkun</li> <li>– Landsskipulagsstefna 2015-2026</li> <li>– Lög um náttúruvernd nr. 60/2013</li> </ul>
Gróður og jarðvegur	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Velferð til framtíðar (5. kafli, Útivist í sátt við náttúruna)</li> <li>– Lög nr. 155/2018 um landgræðslu</li> <li>– Lög um menningarminjar nr. 80/2012</li> </ul>
Minjar og verndarsvæði	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Fornleifaskráning</li> <li>– Náttúruminjaskrá</li> <li>– Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 m.s.br., 2.gr</li> <li>– Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, útg. 12.júlí 2013</li> <li>– Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69.gr.</li> <li>– Landsskipulagsstefna 2015-2026</li> </ul>
Ásýnd og sjónræn áhrif	<ul style="list-style-type: none"> <li>– Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 m.s.br. 2.gr</li> <li>– Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, útg. 12.júlí 2013</li> </ul>

## 6.5 Mat á umhverfisáhrifum áætlunarinnar

### 6.4.1 Vatn

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi áhrif á ár og vötn eru eftirfarandi:

- 1. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn
- 1. gr. reglugerðar nr. 797/1999 um Varnir gegn mengun grunnvatns.
- Reglugerð nr. 798/1999 um Fráveitur og skólp.

#### Matsspurningar:

Hefur áætlunin áhrif á neysluvatn?

Er mengunarhætta af starfseminni sem getur haft áhrif á grunnvatn og yfirborðsvatn?

Helsta hugsanlega mengunarhætta sem fylgir starfsemi skálanna á grunnvatn og læki er vegna frárennismála. Frárennslí frá salernum, vaski og sturtum í salernishúsi fer í rotþró og þaðan í siturlagnir. Gengið hefur verið frá rotþró og siturlögnum skv. leiðbeiningum

Umhverfisstofnunar og því ekki talin hætta á að vatnsból né grunnvatn spillist af völdum dvalargesta sem koma yfir sumarið. Vatnsból er í um 800m fjarlægð frá rotþró og hallar landi frá vatnsbóli. Á uppdrætti kemur fram afmörkun grann- og fjarsvæðis vatnsbóls og er ekki talin hætta á að það spillist.

➤ **Umhverfisáhrif eru óveruleg/engin**

#### **6.4.2 Samfélag – heilsa og öryggi ferðamanna**

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi áhrif á öryggismál ferðamanna og af henni stafi mengunarhætta eru eftirfarandi:

- *Veðurstofa Íslands, upplýsingar um veður – ofviðri*
- *Markmið Vatnajökulsþjóðgarðs*
- *Markmið Hálendisgæslunnar*

Matsspurningar:

Hefur áætlunin áhrif á öryggi ferðamanna og vegfarenda á hálendinu?

Almennt er talið æskilegt að hafa áningarstaði við hálendisvegi og aðstaða fyrir landverði og hálendisgæslu er mikilvæg á stað sem þessum, þó staðsetningin sjálf sé ekki metin í þessari umhverfisskýrslu. Það sem metið er hér, er aðstaða fyrir skálaverði, landverði og hálendisgæsluna. Skálaverðir FÍ í Nýjadal framkvæma reglubundnar og daglegar talningar á þeim ferðamönnum sem vitað er um að séu á gangandi eða hjólandi á Sprengisandsleið. Skálaverðir eru í sambandi sín á milli í gegnum VHF örbylgjusamband (rás 42) og segja má að þetta sé eitt veigamesta öryggisatriðið sem skálaverðir inna af hendi í dag, fyrir utan hefðbundna þjónustu sem þeir sinna innan síns skálasvæðis. Bregði eitthvað út af í talningum þessum fer af stað ákveðin viðbragðsáætlun sem leitt getur til þess að víðtæk leit hefjist í samráði við lögreglu og björgunarsveitir Landsbjargar. Landverðir á vegum Umhverfisstofnunar sinna landvörslu og þjónustu við ferðamenn á stærra svæði og það sama má segja um hálendisgæsluna, sem er samstarfsverkefni lögreglunnar og Landsbjargar.

Núverandi aðstaða er of lítil fyrir svo margt starfsfólk og hluti starfsmannahúsa er á stöðuleyfi. Það er því mjög brýnt að aðstaða verði bætt og þar með tryggt að öryggisgæslu á hálendinu verði sinnt sem skyldi.

➤ **Umhverfisáhrif eru jákvæð**

#### **6.4.3 Samfélag – hagræn áhrif**

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi áhrif á ferðamennsku eru eftirfarandi:

- *Velferð til framtíðar (5.kafli, Útivist í sátt við náttúruna, liðir 5.1-5.3, útg. Umhverfisaráðuneytið, mars 2007)*
- *Vegvísir í ferðaþjónustu (2015), kafli um dreifingu ferðamanna*
- *Aðalskipulag Ásahrepps, stefna um landnotkun*
- *Landsskipulagsstefna 2015-2026*

**Matsspurningar:**

Hefur áætlunin áhrif á atvinnu í sveitarfélaginu?  
Hefur áætlunin áhrif á notkun svæða til útivistar?  
Er deiliskipulagið í samræmi við Lands- og aðalskipulagsáætlun?

Skálasvæðin á hálendinu gegna mikilvægu hlutverki í ferðaþjónustu landsins. Með tilkomu Vatnajökulsþjóðgarðs hafa áherslur breyst. Umferðar- og gistitölur sýna ekki fram á aukningu ferðamanna á síðustu árum og hefur opnun Sprengisandsleiðar mest áhrif þar um, þ.e. hversu langan tíma á ári hverju Sprengisandsleið er opin. Skálasvæðið eitt og sér hefur ekki bein áhrif á fjölgun starfa en bætt þjónustuna við ferðamenn í Nýjadal bætir aðgengi að vestursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og hefur óbein áhrif á atvinnumöguleika í ferðaþjónustu sem tengjast Vatnajökulsþjóðgarði.

Það er stefna stjórnvalda, sbr. ofangreind viðmið, að stuðla að bættri þjónustu við ferðamenn á hálendinu. Bætt aðstaða á skálasvæðum í heild sinni og þar með skálasvæðinu við Nýjadal er því í samræmi við stefnu stjórnvalda, bæði á landsskipulagsstigi og aðalskipulagsstigi.

➤ **Umhverfisáhrif eru óveruleg / jákvæð**

**6.4.4 Gróður og jarðvegur**

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi áhrif á náttúruminjar og gróðurfar eru eftirfarandi:

- *Lög um Náttúruvernd nr.60/2013*
- *Velferð til framtíðar (5.kafli, Útivist í sátt við náttúruna, Umhverfissráðuneytið)*
- *Lög nr. 155/2018 um landgræðslu*

**Matsspurningar:**

Hefur áætlunin áhrif á gróðurfar, s.s. gróðureyðingu?

Almennt séð er gróður á hálendinu mjög viðkvæmur og þá einnig fyrir ágangi ferðamanna. Gróðurþekjan innan deiliskipulagsreitsins er slitrótt en mest er um gras á tjaldsvæðinu á meðan skálarnir standa á mel. Engar sjaldgæfar jurtir eru áberandi á skálasvæðinu. Stækkun bygginga mun ekki hafa bein áhrif á gróður en umferð og ágangur ferðafólks á svæðinu mun alltaf hafa einhver áhrif, sérstaklega er ásókn eykst mikið á tjaldsvæðinu.

Litlar rannsóknir liggja fyrir um þolmörk ferðamannastaða á hálendinu sem miða að því að fyrirbyggja slit eða skemmdir vegna of mikils álags. Á komandi árum má þó gera ráð fyrir því að unnið verði að verk- og viðhaldsáætlunum fyrir ferðamannastaði á hálendinu sem miði að því að greina hvar þörf sé á viðbragðsáætlun til að koma í veg fyrir slíkt. Hafa verður í huga að hin stígvaxandi ferðamennska er orðinn ein af aðal atvinnugreinum landsins og því eðlilegt að hugað sé í auknum mæli að sjálfri undirstöðu hennar, þ.e. íslenskri náttúru.

Innan skálasvæðisins sjálfs skal græða sár sem kunna að myndast og ef styrkja þarf grassvörð skal nota staðbundnar grastegundir og beita hóflegri áburðarotkun.

➤ **Umhverfisáhrif eru óveruleg.**

#### 6.4.5 Áhrif á minjar og verndarsvæði

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi áhrif á fornminjar eru eftirfarandi:

- *Lög um menningarminjar nr. 80/2012*
- *Aðalskráning fornleifa í Ásahreppi og á Holtamannafrétti, 2006-2008*
- *Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 m.s.br. 2.gr*
- *Náttúruminjaskrá*
- *Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, útg. 12. júlí 2013*


#### Matsspurningar:

Hefur áætlunin áhrif á fornminjar?

Hefur áætlunin áhrif á náttúruminja- eða verndarsvæði?

Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins, skv. aðalskráningu fornleifa í Ásahreppi og á Holtamannafrétti. Minjavörður Suðurlands fór á staðinn við undirbúning deiliskipulagsgerðar árið 2010, ásamt skipulagsráðgjöfum. Engar sýnilegar fornleifar er heldur að finna innan skipulagssvæðisins.

Skálasvæðið er innan Vatnajökulsþjóðgarðs (friðlýst svæði) og innan hans er svæði sem flokkast undir aðrar náttúruminjar í Náttúruminjaskrá. *516/702 Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur), S-Þingeyjarsýslu, Rangárvallasýslu. (1) Jökullinn ásamt undirhlíðum, Tómasarhaga, Nýjadal og jarðhitasvæði í Vonarskarði (2) Fjölbreytilegt landslag með fögnum og sérstæðum gróðurvinjum.* Samkvæmt stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs er gert ráð fyrir þjónustusvæði í Nýjadal (vínrauður ferningur á korti) og hefðbundin landnýting er leyfð á svæðinu (láréttar vínrauðar línur á korti)



Mynd 6.1 – Hluti úr skýringaupprætti, júlí 2013, sem sýnir Stjórnunar- og Verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, tekið af heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs [https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/vjthg\\_sogv\\_landnytingaruppdrattur\\_juli2013.jpg](https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/static/files/Stjornsysla/PDF-skjol-kort/vjthg_sogv_landnytingaruppdrattur_juli2013.jpg)

- **Umhverfisáhrif eru óveruleg/engin**

#### 6.4.6 Ásýnd og sjónræn áhrif

Viðmið sem lögð eru til grundvallar við mat á því hvort áætlunin hafi sjónræn áhrif eru eftirfarandi:

- *Lög um Náttúruvernd nr.60/2013, 69.gr.*
- *Landsskipulagsstefna 2015-2026*
- *Lög um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 m.s.br. 2.gr.*
- Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs, útg. 12. júlí 2013

#### Matsspurningar:

Hefur áætlunin áhrif á ásýnd svæða?

Hefur áætlunin áhrif á landslag?

Í óbyggðum Íslands er lítið um mannvirki og þykir nánast sjálfsögð krafa að ekkert spilli fagurri fjallasýn. Hefð er fyrir því að fjallaskálar séu lágstemmdir og falli sem best að umhverfi sínu. Skálarnir í Nýjadal standa saman í hnapp og fyrirhugað skálavarðarhús og mögulegar viðbyggingar við skála munu einnig vera á sömu torfu. Eins og staðan er í dag eru allir skálar málaðir í sama lit og eru áþekkir, sem tryggir ákveðinn heildarsvip. Þessi heildarsvipur er tryggður áfram með deiliskipulagsskilmálum þess efnis að útlit húsa skuli samræmt m.t.t. litavals, þakhalla og annars útlits.

Áhrifin eru mjög staðbundin, hús eru í einum hnapp og eru ekki talin hafa neikvæð heildaráhrif á tilfinningu um óbyggð víðerni á hálendinu. Heildarsvipur og samræmt útlit bygginga dregur úr neikvæðum áhrifum ef einhver eru. Flest húsinn eru sett niður á steypur en lausar undirstöður og öll mannvirki því færanleg/afturkræf

- **Áhrifin eru óveruleg / engin , miðað við núverandi ástand**

#### 6.6 Samantekt, breytingar á stefnu og mótvægisáðgerðir

Við vinnslu deiliskipulagsins og við mat á umhverfisáhrifum þess hefur ekki orðið breyting á heildarstefnu deiliskipulagsins. Þó heimilað sé aukið byggingarmagn og reynt að koma til móts við eitthvað aukinn ferðamannafjölda miða við það sem er í dag er nánast um að ræða óbreytt ástand.

Engar sérstakar mótvægisáðgerðir eru gerðar, fyrir utan þau ákvæði sem sett eru um útlit bygginga og að auðvelt verði að fjarlægja hús án teljandi ummerkja. Ekki er lagt til að sérstök vöktun verði á skálasvæðinu, en vöktun þjóðgarðsins í heild er í höndum starfsfólks Vatnajökulsþjóðgarðar og Umhverfisstofnunar.

Umsjón með skálasvæðinu og nærsvæðum þess er í höndum skálavarða og annarra starfsmanna Ferðafélags Íslands í nánú samráði við landverði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Hvað varðar þolmörk svæðisins þá þarf að fylgjast vel með og bregðast við um leið og gróður fer að láta á sjá. Skálaverðir og landverðir leiðbeina ferðafólki um umgengni á skálasvæðum og þjóðgarðinum. Starfsmenn á vegum FÍ fylgjast með rotþróum, vatnsbólum svæðisins og öðrum öryggisþáttum sem snúa að skálasvæðinu.

## 6.7 Niðurstaða

Niðurstaða umhverfismatsins er sú að deiliskipulagið hefur óveruleg / neikvæð áhrif á sjónræna þætti en jákvæð eða óveruleg áhrif á alla aðra umhverfisþætti eins og sjá má í töflu 3 hér að neðan.

Af því leiðir að mótvægisáðgerðir eru settar inn í skilmála sem kveða m.a. til um útlit bygginga, liti þeirra og stærð (hæð). Áhrifasvæði deiliskipulagsáætlunarinnar skv. húsakosti er tiltölulega lítið þó tillagan nái til mun stærra svæðis vegna vatnsverndar. Sökum staðsetningar svæðisins á miðhálandinu er ástæða til varfærni og er skipulagsáætlunin því í eðli sínu mjög varfærin.

Deiliskipulagsáætluninni (framkvæmdaáætluninni) er ætlað að mæta þörf fyrir bætta þjónustu við ferðamenn sem og starfsfólk Ferðafélags Íslands og Vatnajökulspjóðgarðs um leið og horft er til framtíðar. Gera þarf ráð fyrir vaxandi umferð á svæðinu og í tillögunni gætit hóflegar sýnar hvað það varðar. Einnig þarf að hafa í huga að það er ótvíræður kostur að hægt er að fjarlægja húsin og því má líta á allar framkvæmdir deiliskipulagsins sem afturkræfar aðgerðir ef framtíðin bæri það í skauti sér að menn myndu vilja endurheimta óspillt víðerni.

Umhverfisþáttur	Vægi áhrifa
vatn	Óveruleg / engin
Samfélag - Heilsa og öryggi	jákvæð
Samfélag - Hagrænir og félagslegir þættir	Óveruleg / jákvæð
Gróður og jarðvegur	Óveruleg
fornminjar	Óveruleg / engin
sjónræn áhrif	Óveruleg / neikvæð

Tafla 3 – niðurstaða á vægi skipulags á einstakra umhverfisþætti (huglægt mat). Vægi áhrifanna (0, -, +) er skilgreint nánar í töflu 1. bls. 17

Aukið byggingamagn og hugsanleg stækkun húsa er ekki talin hafa umtalsverð neikvæð áhrif á umhverfi skálasvæðis við Nýjadal, heldur í raun jákvæð heildaráhrif. Hæð bygginga er stillt í hóf og eins og áður er getið má flytja hús í burtu og þannig tryggja að sjónræn áhrif mannvirkja séu afturkræf. Sem mótvægisáðgerð við þeim sjónrænu áhrifum sem byggingar hafa, er útlit húsa samræmt hvað varðar lit og form.

Deiliskipulagið er í samræmi við Landsskipulagsstefnu, aðalskipulag Ásahrepps um landnýtingu á hálandinu og stefnumótun Vatnajökulspjóðgarðs. Skipulagið gengur ekki gegn yfirlýstum markmiðum stjórnvalda sem fjalla um útivist í sátt við náttúruna. Skálasvæðið er ætlað undir almenna ferðamannastarfsemi og er því jafnframt í samræmi við yfirlýst markmið stjórnvalda um frjálst aðgengi að náttúru landsins án þess að brotið sé á náttúruverndarsjónarmiðum.

## 7 SAMÞYKKT OG GILDISTAKA

### 7.1 Auglýsing og afgreiðsla athugasemda skv. framvindu.

- Auglýsingatími.
- Athugasemdir umsagnaraðila.
- Aðrar athugasemdir og afgreiðsla þeirra.

### 7.2 SAMÞYKKT

Deiliskipulagstillagan var auglýst þann \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_

Athugasemdafrestur var til \_\_\_\_\_ 2019

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 123/2010 m.s.br var samþykkt í skipulagsnefnd Ásahrepps þann \_\_\_\_\_ 2019 og sveitarstjórn Ásahrepps \_\_\_\_\_ 2019.

---

Sveitarstjóri Ásahrepps

Deiliskipulagið öðlaðist gildi við auglýsingu um samþykkt þess í

B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2020.